GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR

Skólaráðsfundur

25. október 2022 kl. 15:00

Mættir : Hilmar Már Arason, Sigurbjörg Jónsdóttir, Hrund Hermannsdóttir, Þyrí Þorsteinsdóttir, Marek Imgront, Kolbrún Pálsdóttir og Vilborg Lilja Stefánsdóttir sem ritar fundargerð. Silja Sigurðardóttir boðar forföll

Dagskrá fundarins:

1. Skipan og hlutverk skólaráðs
2. Fréttir úr skólastarfinu
3. Viðhaldsmál
4. Skólanámskrá
5. Starfsáætlun
6. Sjálfsmatsskýrsla 2021-2023
7. Önnur mál

1. Skipan og hlutverk skólaráðs

Hilmar fer yfir skipan ráðsins og leggur fram til kynningar Handbók um skólaráð. Fulltrúar nemenda voru ekki boðaðir á fundinn.

2. Fréttir úr skólastarfinu

Farið yfir skiptingu nemendafjöldans eftir bekkjum og starfstöðvum. Heildarfjöldi nemenda er 215 og má reikna með svipuðum fjölda á næsta skólaári. 66 starfsmenn og stjórnendur sem skptast jafnt á milli Kjalar og KÍ. 11 í Lýsudeild, 21 á Hellissandi, 26 í Ólafsvík og 8 á flakki milli starfstöðva.

GSnb tók þátt í Barnamenningarhátíðinni, samstarfi við listafólkið í Himinbjörgum, List- og lífbreytileiki á vegum Náttúruminjasafns Íslands. Fengum heimsóknir frá Samtökunum 78, Þorgrími Þráinssyni rithöfundi, Gleðiskruddunni, Brimrúnu Birtu rithöfundi og Jóni Pétri danskennara.

Haustkynningarfundir voru haldnir um miðjan september. Mæting var ekki góð, t.a.m. mættu 4 foreldrar nemenda í 1.bekk. Skólafólki þykir ámælivert að foreldrar mæti ekki á fundina þar sem verið er að ræða málefni bekkjanna. Hugmynd að nefna fundina annað en Kynningarfund og leita leiða til þess að auka mætingu á þá.

Rætt um að halda heimasíðu skólans á lofti, nýta Facebooksíðuna til að kynna hana.

Átthagafræðiverkefni skólans er tilnefnt til Íslensku menntaverðlaunanna í flokki Framúrskarandi þróunarverkefna, það kemur í ljós 2.nóvember hvort við fáum verðlaunin.

GRUNNSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

3. Viðhaldsmál

Miklar framkvæmdir hafa verið við skólahúsnæðið á Hellissandi: ný útihurð við nemendainnganginn, aðal andyrið tekið í gegn, dúkur settur á golf í einni kennslustofu, skipt um glugga í þremur stofum, skólinn spúlaður að utan, flái settur við inngang nýja og gamla skólans.

Í Ólafsvík hefur verið skipt um ljós í þremur stofum og nýtt gólfefni sett á tvær stofur.

Farið yfir áætlaðar framkvæmdir fram að áramótum á öllum starfstöðvum.

4. Skólanámskrá

Farið yfir skólanámskránna sem var endurskoðuð í vor. Þar er stefna skólans sett fram sem á að geta staðið í þrjú ár. Ritið er um 30 bls.

5. Starfsáætlun

Starfsáætlun er gefin út á hverju hausti, gildir fyrir líðandi skólaár.

6. Sjálfsmatsskýrsla 2021-2023

Í skýrslunni er rýnt í innra starf skólans. Þar kemur m.a. fram niðurstaða úr Íslensku æskulýðsrannsókninni sem er lögð fyrir 4., 6. og 9.bekk á hverju ári. Hún sýnir margar ítarlegar niðurstöður.

7. Önnur mál

Merkja þarf betur sem einkastæði þar sem rútan stoppar við íþróttahúsið og skólann á Hellissandi. Rútan ætti að hafa einkaaðgengi þar.

Bent á hættur við stoppustöðina við Gilbakka (kaffihúsið) á Hellissandi. Svæðið er illa upplýst og vantar merkingar til þess að aðgreina betur svæðið. Mikilvægt að vinna að bótum, ekki lausn að rútan hætti að stoppa á svæðinu.

Bent á að uppfæra þurfi símareglur í skólareglunum sem eru á heimasíðu skólans.

Ákveðið að boða til Bekkjafunda næsta haust í stað Kynningafunda, skoða hvort mæting verður betri.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 16:00.